

387. fundur

Bæjarráð Stykkishólms hélt fund fimmtudaginn 10. febrúar 2005 kl. 17:00 í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Dagný Þórisdóttir, formaður
Eyþór Benediktsson
Guðmundur Kristinsson
Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Formaður setti fund og fól síðan bæjarstjóra fundarstjórn.

1. Fundargerðir nefnda:
 - 1.1. Skipulags- og byggingarnefnd, dags. 9.2.2005.
Fundargerð lögð fram. Liðir 1,2,4,5a,8,9,10,11a og 11b samþykktir. Guðmundur sat hjá við lið 1. Liður 7 er vísað til tæknideildar. Fundargerð samþykkt að öðru leyti.
2. Aðrar fundargerðir.
 - 2.1. Stjórnarfundur Sorpurðunar Vesturlands hf., dags. 4.2.2005.
 - 2.2. 21. fundur LN og LSS, dags. 21.1.2005.
 - 2.3. 5. og 6. fundur LN og KTFÍ, dags. 27.1. og 2.2.2005.
Fundargerðir framlagðar.
3. Undirbúningur fyrir 3ja ára áætlun 2006-2008.
Þriggja ára áætlun vísað til bæjarstjórnar.
4. Málefni Hitaveitu Stykkishólms.
Bæjarstjóri gerði grein fyrir stöðu Hitaveitunnar og var honum falið að ræða við ÍSOR.
5. Travelnet.is.
Ákveðið að skoða erindið nánar.
6. Bréf Ragnheiðar Bragadóttur hdl., dags. 1.2.2005.
Bréf framlagt og rætt. Bent er á að skipulagsvinna er eitt af verkefnum sveitarfélaga.
7. Vinabæjarmót.
Bæjarráð samþykkir að forseti bæjarstjórnar, bæjarstjóri og einn fulltrúi meirihluta og annar fulltrúi minnihluta fari á vinabæjarmótið. Nafnalisti þarf að liggja fyrir á næsta bæjarstjórnarfundi.
8. Ársskýrsla Golfklúbbsins Mostra 2004 og bréf varðandi fasteignagjöld 2005.
Ársskýrsla framlögð og samþykkt að veita Mostra styrk sem nemur 106.328 kr. upp í fasteignagjöld 2005.
9. Kosning varamanns í hafnarnefnd.
Bæjarráð samþykkir að Óskar Eyþórsson verði varamaður í hafnarnefnd.

10. Tillaga um stefnumörkun í skóla- og öldrunarmálum.

“Vegna stefnumörkunar í skóla- og öldrunarmálum leggja bæjarfulltrúar D-lista til að skipaðir verði vinnuhópar, annars vegar til þess að vinna að stefnumótun í húsnæðismálum fyrir Grunnskólann og Tónlistarskólann hins vegar til að vinna að stefnumótun í öldrunarmálum.” Samþykkt að vísa tillögunni til bæjarstjórnar.

11. Guðmundur Kristinsson vakti athygli á að ósamið er um símamál slökkviliðsmanna.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:09

Þór Örn Jónsson, bæjarritari